

Mál nr. 365/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 15. október 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. október 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. október 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðinni A bakkað á bifreiðina B sem M á, þann 11. júlí 2025. Afleiðingar árekstursins urðu þær að tjón varð á vinstri aftur hurð og vinstra afturbretti B. V hefur samþykkt að bæta tjón M úr ábyrgðartryggingu A. Ágreiningur er hins vegar um bótafjárhæðina. M fór með B í viðgerðarmat á verkstæði í kjölfar tjónsins. Hefur M lagt fram mat frá því verkstæði upp á 409.292 krónur. Fer M fram á að V greiði þá fjárhæð í samkomulagsbætur en ekki 225.000 krónur eins og V hefur boðið. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M, auk framangreinds viðgerðarkostnaðarmats, m.a. til 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Tekur M sérstaklega fram að það komi skýrlega fram í 2. mgr. þess ákvæðis að ef ákveða á bætur í samræmi við viðarkostnað geti vátryggður krafist bóta fyrir slíkan kostnað þó viðgerð hafi ekki átt sér stað. Byggir M á því að þetta ákvæði taki af allan vafa um að hann eigi því rétt á að fá 409.292 krónur í samkomulagsbætur.

Í athugasemdum V, dags. 15. október 2025, er á því byggt að þar sem M hafi óskað eftir því að fá samkomulagsbætur greiddar í stað þess að gert yrði við skemmdirnar á bílnum, þyrfti að meta raunverulegt fjártjón sem síðan yrði greitt sem samkomulagsbætur. Yrði það best gert með því að bera saman markaðsvirði bifreiðarinnar fyrir og eftir tjón. Leggur V fram gögn þess efnis að sá mismunur hafi numið 100.000 krónum. Því verði að telja framboðnar samkomulagsbætur að fjárhæð 225.000 krónur mjög sanngjarnar. Telur V að framangreint feli því í sér tilboð um fullar bætur til handa M fyrir tjónið.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 17. október 2025, eru fyrri rök ítrekuð og sérstaklega á það bent að vátryggingarsamningalögin séu skýr og hann hafi lagt fram sundurliðaðan reikning yfir viðgerðarkostnað á meðan V byggi tilboð sitt á huglægu mati, jafnvel þó fagmaður hafi gert það. Þá fullyrðir M að það sé rangt að hann hafi að fyrra bragði óskað eftir bótum í stað þess að láta gera við bílinn.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 20. október 2025, er m.a. á því byggt að félagið taki almennt ekki afstöðu til þess hvort sá sem bótarétt á velji samkomulagsbætur eða að láta gera við bílinn.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að ákvörðun bótafjárhæðar sem greiða á til M vegna tjóns á bifreið hans. Tjón M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V. Bótafjárhæð miðast því við reglur skaðabótaréttar um fullar bætur fyrir fjártjón. Sama hugtak er grundvöllur bótaákvörðun 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (hér eftir vsl.), þar sem kemur fram að ef ekki sé um annað samið eigi vátryggður rétt á fullum bótum vegna fjártjóns síns. Þrátt fyrir þetta verður 35. gr., þar með talið 2. mgr. þess ákvæðis, ekki beitt með beinum hætti í þessu máli enda er krafa M krafa um skaðabætur sem greiða á úr ábyrgðartryggingu hjá V. Því er hér ekki um að ræða bótakröfu vátryggðs á grundvelli vátryggingarsamnings, eins og gildir um bætur á grundvelli framangreindar 35. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Þrátt fyrir að það virðist liggja fyrir í málinu að V hefði samþykkt að gert yrði við bíl M með þeim kostnaði sem því fylgdi hefði M kosið að fara þá leið, valdi hann að gera það ekki. Það þýðir að M á rétt á að fá fjártjón sitt að fullu bætt, þ.e. mismuninn á verðmæti bílsins fyrir og eftir tjónið, nokkuð sem kann eftir aðstæðum að leiða til lægri bóta en sem nemur viðgerðarkostnaði. V hefur lagt fram gögn sem stafa frá starfandi bifreiðasala þess efnis að mismunur á verðmæti bifreiðar fyrir og eftir tjón sé

100.000. M hefur ekki lagt fram nein þau gögn sem hnekkst gætu þessu mati. Þegar framangreint er haft í huga telur nefndin að boð V um að greiða 225.000 krónur í samkomulagsbætur fyrir tjón á bifreið M sé til þess fallið að bæta fjártjón hans að fullu. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M eigi ekki rétt á frekari samkomulagsbótum en þeim sem V hefur boðið, þ.e. 225.000 krónum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en þeim sem V hefur boðið.

Reykjavík, 11. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir